



Kynfræðsla Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar WHO - Undirbúningur fyrir lögleiðingu pedófilíu?



Í Frakklandi rökstuddi saksóknari niðurfellingu nauðgunarákæru gegn 28 ára gömlum manni vegna meints samþykkis hinnar ellefu ára gömlu Söruh. Ákæran á hendur manningnum hljóðar nú einungis uppá kynferðislegan yfiringang gagnvart ólögráða einstaklingi.

Í Frakklandi rökstuddi saksóknari niðurfellingu nauðgunarákæru gegn 28 ára gömlum manni vegna meints samþykkis hinnar ellefu ára gömlu Söruh. Ákæran á hendur manningnum hljóðar nú einungis uppá kynferðislegan yfiringang gagnvart ólögráða einstaklingi. Saksóknarinn rökstuddi niðurstöðuna á þá leið að Sarah hafi samþykkt athöfnina og ekki verið þvinguð til samræðis. Að mati franskra yfirvalda hafi hún verið „fús í garð þess ákærða“.

Armelle Le Bigot Macaux, stjórnandi barnaréttindahópsins Cofrade færir sín rök: „Það er verulega skelfilegt að saksóknarinn trúir því að ellefu ára gömul stúlka eigi að hafa dómgreind á við fullorðna.“

Flest ríki Evrópu hafa ákvarðað verndaraldur upp að 14 til 17 ára aldurs. Við allar kynferðislegar athafnir fullorðins gagnvart barni undir verndaraldri er óvæfengjanleg samþykkt fyrir því að barn geti ekki samþykkt slíkt.

Hvernig gat saksóknari samt komist að þeirri niðurstöðu að kynferðislegt samræði milli fullorðins manns og ellefu ára stúlku gæti mögulega talist jafnréttá staða?

Í þessu samhengi skulum við skoða umræðuna um kynfræðslu í skólum samkvæmt staðli WHO í Evrópu.

Dr. Maurice Berger tilheyrir hópi sem samanstendur af 20 læknum, geðlæknum, klínískum sálfræðingum og áfallasérfræðingum. Sem talsmaður hópsins sendi hann út neyðarhróp í formi undirskriftaákalls til franska samfélagsins. Þau vara ákaft við hinum hræðilegu afleiðingum „WHO staðlanna fyrir kynfræðslu í Evrópu“. Sú kynfræðsla sem þar er ýtt fram frá leikskólaaldri, byggir á þeim forsendum að barn sé kynvera frá fæðingu, hafi kynferðislegar þarfir og því rétt á kynferðislegu lífi.

Þannig stendur í formála WHO staðalsins: „Hin heildræna nálgun (kynfræðslunnar) skilur kynlöngun sem mannlegan hæfileika, sem almenna lífsorku og hjálpar börnum og unglíngum að þroska með sér grundvallandi hæfileika, að skilja kynorku sína með aðstoð þeirra og ákvarða sjálf sambönd sín innan hinna ólíku þroskatímabila. Þetta styrkir þau í að lifa sínu eigin kynferðislífi og samböndum á uppfylltan og ábyrgðarfullan máta.“

Þessir WHO staðlar eru nú settir í framkvæmd ekki bara í Frakklandi heldur líka í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Þetta er fjármagnað með skattþeningum eins og dæmið frá Sviss sýnir:

Heilbrigðisráðuneytið BAG hefur árum saman fjármagnað „Kynheilbrigði Sviss“ með milljóna franka framlagi. Í samfloti við samfylkingu um kynfræðslu ætlar BAG sér að koma WHO staðlinum á í Sviss.

Dr. Ariane Bilheran, sálfræðingur og rithöfundur hefur rannsakað nákvæmlega texta WHO staðalsins og skrifað um þá. Hún varar við því að innihald fræðslunnar hafi ekkert með eiginlega barnavernd að gera í þeim skilningi sem bundinn er í 11. kafla, 1. málsgrein svissnesku stjórnarskrárinnar. Tilvitnun: „Heldur gengur þeim það eitt til að nota forvarnir [hér er meint snemmkynfræðslan á forskólaaldri] sem brenglað yfirskin til að þröngva hugmyndafræði og hegðun barnagirndar í gegn.“

Sé forvarnarprogrammið „Líkami minn tilheyrir mér“ á vegum Barnaverndar Sviss rannsakað, fá þessar röksemdir staðfestingu. Prógrammið beinist að börnum á yngsta stigi grunnskóla, sum sé 6-9 ára gömlum. Dagskrárinnihald forvarnanna beinist undantekningarlaust að barninu sjálfu, að það ákvarði sjálf hvaða snertingar því líki og hverjar ekki. Á þann máta er barnið ofurselt sjálfu sér og gert sé ráð fyrir að barnið hafi á þessum aldri nægjanlega aðgreiningargetu.

Mikilvægustu röksemdir samtaka pedófila til lögleiðingar „ofbeldislausrar“ barnagirndar sé réttur barnanna til kynferðislífs vegna samráðs. Svo hljómar krafa AHS -Vinnuhóps um húmanískt kynferðislíf. Í „Yfirlýsingu frá 1988 um kynferði milli fullorðinna og barna“ stendur: „Ábyrgar kynferðislegar athafnir, í samráði og milli jafnréttþárra mega ekki lengur vera refsiverðar – því þær valda ekki skaða – ekki heldur milli fullorðinna og barna.“

Ariane Bilheran kemst að þeirri niðurstöðu að við sköpun WHO staðalsins hljóti veltengd samtök alþjóðlega tengdra pedófila að hafa starfað með, því þannig sé öllum hindrunum rutt úr veginum til afnáms lögbundinnar verndar yfir börnum undir lögdri.

Þetta nýjasta dómsmál í Frakklandi upplýsir að einmitt fyrstu skrefum þessara krafa samtaka barnaníðinga sé verið að mæta. Það sem nú þegar er orðið eðlilegur framgangsmáti hjá WHO ber sína fyrstu ávexti. Stjórnsmál, menntaráðuneyti og foreldrar eru hvattir að krefjast laga sem séu börnum og ungmennum til varnar eins og dæmið sem svissneska stjórnarskráin heldur föstu: 11. Kafli/ 1. málsgrein: „Börn og ungmenni eiga kröfu á sérstakri vernd, bæði yfir heilleika sínum sem og til hvatningar þroska síns.“

eftir frá af.

Heimildir:

<https://deutsch.rt.com/europa/58142-frankreich-28-jahriger-hat-sex-mit-11-jahrigem-schulkind/>
<http://schutzinitiative.ch/1838/schutzinitiative-aktuell-ausgabe-nr-21-september-2017>
<https://www.sante-sexuelle.ch/wp-content/uploads/2013/04/Standards-Sexualaufkl%C3%A4rung-OMS.pdf>
<https://www.sante-sexuelle.ch/uber-uns/stiftung/jahresbericht/>
<http://ahsga.ch/wp-content/uploads/2012/10/Grundlagenpapier-Sexualp%C3%A4dagogik-Hochschule-Luzern.pdf>
<https://web.archive.org/web/20140410162832/http://www.ahs-online.de/wb/pages/veroeffentlichungen/sexualitaet-zwischen-kind-und-erwachsenen.php>
<https://de.wikipedia.org/wiki/Schutzalter>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.